

Samningur um Evrópska
efnahagssvæðið

Sameiginlega EES-nefndin

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

nr. 62/98
frá 4. júlí 1998

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með
bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir
samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar
nr. 80/97 frá 12. nóvember 1997⁽¹⁾.

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 97/486/EB frá 9. júlí 1997 um sameiginlega
tækniforskrift um almennar tengikröfur vegna endabúnaðar við tveggja þráða hliðrænar
leigulínur í ONP-kerfinu⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 97/487/EB frá 9. júlí 1997 um sameiginlega
tækniforskrift um almennar tengikröfur vegna endabúnaðar við fjögurra þráða hliðrænar
leigulínur í ONP-kerfinu⁽³⁾ skal felld inn í samninginn.

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 97/639/EB frá 19. september 1997 um sameiginlega
tækniforskrift um tengikröfur vegna skilflata fyrir endabúnað sem tengja á 34 megabita/s
óskipulegum og skipulegum leigulínum⁽⁴⁾ skal felld inn í samninginn.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 134, 7.5.1998, bls. 9 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 18, 7.5.1998, bls. 71.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 208, 2.8.1997, bls. 44.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 208, 2.8.1997, bls. 47.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 271, 3.10.1997, bls. 16.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liðir komi aftan við lið 4q (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 97/545/EB) í XVIII. kafla II. viðauka við samninginn:

- „4r. **397 D 0486:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 97/486/EB frá 9. júlí 1997 um sameiginlega tækniforskrift um almennar tengikröfur vegna endabúnaðar við tveggja þráða hliðrænar leigulínur í ONP-kerfinu (Stjtið. EB L 208, 2.8.1997, bls. 44).
- 4s. **397 D 0487:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 97/487/EB frá 9. júlí 1997 um sameiginlega tækniforskrift um almennar tengikröfur vegna endabúnaðar við fjögurra þráða hliðrænar leigulínur í ONP-kerfinu (Stjtið. EB L 208, 2.8.1997, bls. 47).
- 4t. **397 D 0639:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 97/639/EB frá 19. september 1997 um sameiginlega tækniforskrift um tengikröfur vegna skilflata fyrir endabúnað sem tengja á 34 megabita/s óskipulegum og skipulegum leigulínum (Stjtið. EB L 271, 3.10.1997, bls. 16).”.

2. gr.

Fullgiltur texti ákvarðana framkvæmdastjórnarinnar 97/486/EB, 97/487/EB og 97/639/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 5. júlí 1998, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 4. júlí 1998.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

F. Barbaso

Rítarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

G. Vík

E. Gerner